

# AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033

## FORSENDUR

7. MARS 2022



**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí

© Akraneskaupstaður 2022

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2022

Afritun einstakra hluta úr bók þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða bókarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

# EFNISYFIRLIT

---

<b>1</b>	<b>Umhverfi</b> .....	<b>4</b>
1.1	Staðhættir .....	4
1.1.1	Umhverfi og byggð .....	4
1.1.2	Bæjarmynd.....	4
1.2	Ágrip skipulagssögu bæjarins.....	5
1.3	Umhverfi og náttúruvernd .....	6
1.3.1	Friðlýst svæði .....	6
1.3.2	Önnur náttúruvernd – jarðmyndanir og vistkerfi.....	7
1.4	Vatnsvernd.....	8
1.4.1	Skilgreining vatnasvæða og flokkun vatns.....	8
1.4.2	Vatnsverndarsvæði.....	9
1.4.3	Strendur, ár og vötn .....	9
1.5	Svæði undir náttúruvá .....	9
1.5.1	Sjóvarnargarðar.....	9
1.6	Menningarminjar .....	10
1.6.1	Húsavernd.....	11
1.6.2	Hús sem njóta friðunar skv. almennum ákvæðum .....	12
1.6.3	Húsakönnun .....	12
<b>2</b>	<b>Íbúar og atvinnulíf</b> .....	<b>14</b>
2.1	Íbúar.....	14
2.1.1	Mannfjöldi .....	14
2.1.2	Aldurskipting .....	15
2.2	Íbúðir.....	16
2.2.1	Landþörf íbúðarsvæða.....	18
2.3	Atvinnumál .....	19
2.3.1	Landþörf atvinnusvæða .....	20
<b>3</b>	<b>Samgöngu- og þjónustakerfi</b> .....	<b>22</b>
3.1	Umferð og gatnakerfi.....	22
3.1.1	Gatnakerfi .....	22
3.1.2	Umferð og umferðarslys.....	23
3.1.3	Almenningssamgöngur.....	25
3.2	Hafnarsvæði.....	26
3.3	Veitur .....	26
3.3.1	Hitaveita .....	27
3.3.2	Fráveita .....	27
3.3.3	Vatnsveita .....	28
3.3.4	Rafveita.....	28
3.3.5	Sorpförgun .....	28
<b>4</b>	<b>Viðauki</b> .....	<b>29</b>
4.1	Staðfestar breytingar á gildandi aðalskipulagi.....	29
4.2	Húsavernd – hús sem njóta almennrar aldursfriðunar .....	30


# 1 UMhverfi

## 1.1 STaðHættir

### 1.1.1 UMhverfi og Byggð

Akranes skagar út í Faxaflóa milli Hvalfjarðar og Gunnafjarðar. Yst á nesinu er Akraneskaupstaður og er land sveitarfélagsins um 10 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Í ársbyrjun 2021 voru íbúar bæjarins 7.697. Byggðin er í daglegu tali nefnd Akranes eða Skaginn en áður fyrr var gjarnan talað um Skipaskaga.

Á miðju nesinu er Akrafjall, 643 m hátt, og setur sterkan svip á bæinn. Annar megindráttur umhverfisins er ströndin sem umlykur byggðina. Hvergi er langt til strandar og er nálægð við hafið eitt meginneikenni bæjarins. Vesturströndin er klettaströnd með víkum og vogum. Yst eru Vesturflös og Suðurflös þar sem gamli vitinn stendur. Austur er Krossvík með Langasandi, tæplega eins kílómetra langri baðströnd. Ströndin með klettum, fjörum og sandi, brimi og fjölbreyttu lífi er einstakt og vel metið útivistarsvæði. Ofan byggðar er Garðafló, umfangsmikið votlendi með klapparásum sem stefna suðvestur-norðaustur. Garðafló var ræstur fram og ræktaður um miðbik 20. aldar.



Mynd 1. Helstu örnefni á Akranesi.

Þéttbýli myndaðist um sjósókn og verslun á Skaganum á 19. öld. 1885 var þéttbýlið afmarkað sem sérstakt sveitarfélag, Ytri-Akraneshreppur. Bærinn fékk síðan kaupstaðarréttindi 1942. Skaginn hefur frá upphafi verið með öflugustu útgerðarbæjum landsins og lengi var sjávarútvegur mikilvægasta atvinnugreinin auk verslunar og iðnaðar. Rekstur stórra útgerðarfyrirtækja hefur nú verið fluttur í önnur sveitarfélög. Sementsverksmiðja tók til starfa á Akranesi 1958 og framleiddi sement til 2012. Verksmiðjan var rifin 2018-2019 og á næstu árum mun rísa ný byggð á lóð hennar í hjarta bæjarins. Iðnaðarsvæðið á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit skiptir miklu máli fyrir atvinnulíf á Skaganum. Hvalfjarðargöng voru opnuð 1998 og bættu samgöngur við höfuðborgarsvæðið verulega. Nokkur vinnusókn er á báða bóga og hefur bærinn orðið raunhæfur búsetukostur fólks sem sækir atvinnu suður.

### 1.1.2 BÆJARMYND

Bæjarland Akraneskaupstaðar er rúmlega 1.000 hektarar (ha). Landnotkunarreitir innan þjóðvegur, byggð og opin svæði, eru um 470 ha eða um 46% af heildarflatarmáli sveitarfélagsins. Allir



landnotkunarreitir þar sem gert er ráð fyrir byggð eru samtals um 445 ha. Núverandi íbúðarsvæði eru um 180 ha en innan þjóðveggar er alls gert ráð fyrir um 230 ha með íbúðarbyggð (íbúðarsvæði og miðsvæði). Meðalþéttleiki núverandi íbúðarsvæða, gamalla og nýrra, er um 15,5 íbúðir á hverjum hektara (íb/ha).

Skýr munur er á bæjarmynd Akraness eftir aldri byggðarinnar. Neðri-Skaginn byggðist að mestu upp fyrir miðja 20. öld og hafði aðalskipulagið frá 1927 afgangi áhrif á bæjarmyndina. Um er að ræða hefðbundinn evrópskan kaupstað með þéttri, blandaðri og samfelldri byggð. Öll göturými neðan Merkigerðis önnur en á Kirkjubraut og Vesturgötu eru lokuð eða sveigð og þar með hlýleg og skjólgóð. Á svæðinu eru mörg dæmi um góða byggingarlist og þar eru góðir fulltrúar ólíkra byggingarstíla allt frá hefðbundnum timburhúsum yfir í funksjónalisma og módernisma.

Ofan Háholts og vestan Kirkjubrautar er tiltölulega samstæð byggð sem byggðist að mestu á sjötta og sjöunda áratugnum, sem voru uppgangsár í iðnaði og sjávarútvegi á Skaganum. Einkenni nútíma-borgarskipulags, módernismans, eru skýr í fjölbýlishúsabyggðinni austan Þjóðbrautar, sem byggð var á síðustu áratugum 20. aldar. Auk „gömlu blokkarinnar“ og „nýju blokkarinnar“ við Höfðabraut standa þar fjölbýlishús hvert á sínu bílastæði án þess að mynda samhengi eða hefðbundin bæjarrými, götur, torg eða garða. Sérbýlishúshverfin frá sama tíma eru heilsteypt og mynda hefðbundna og fallega byggð. Í nýjstu íbúðarhverfunum, Flatahverfi og Skógahverfi nyrst í bænum er blönduð byggð ólíkra húsagerða og njóta þau nálægðar við opin svæði og útivistarsvæði á austurjaðri byggðarinnar.

Fjöldi fyrirtækja og stofnana eru inni í byggðinni. Fjölbreytnin er meiri í gamla bænum en í nýrri hlutum hans en þar eru vinnustaðir helst í stofnunum s.s. skólum, íþróttamannvirkjum, söfnum og öldrunarþjónustu. Sementsverksmiðjan, sem áður ríkti yfir bæjarmyndinni, er horfin en sjávarútvegur og önnur atvinnufyrirtæki setja mark sitt á hafnarsvæðin og Breiðina neðst á Skaganum. Þar eru víða vannýttar lóðir og byggingar en einnig fjölbreytt atvinnustarfsemi í stórum fyrirtækjum og smáum. Á Smiðjuvallasvæðinu (Smiðjuvöllum og Kalmansvöllum) er fjöldi atvinnufyrirtækja, verslana og stofnana. Svæðið er ekki fullnýtt og er bæjarmynd þess opin og ómótuð. Iðnaðarsvæði er í Höfðaseli nyrst í bæjarlandinu og er það byggt að hluta. Hafist er handa við uppbygginu athafnasvæðis í Flóahverfi skammt norðan þjóðveggar.

## 1.2 ÁGRIP SKIPULAGSSÖGU BÆJARINS

Upp úr aldamótunum 1900 var byggðin á Skipaskaga mæld og kortlögð. Nýr mælingaruppdráttur var gerður 1922 en þá var 321 hús á Akranesi. Í kjölfar samþykktar fyrstu skipulagslaganna 1921 var skipulagsnefnd ríkisins skipuð og hófst hún handa við skipulagningu bæja um allt land. Nefndin lagði fram skipulagstillögu fyrir Akranes 1925 þar sem hefðbundið evrópskt bæjarskipulag var lagt yfir þá dreifðu byggð og stóru garða, sem voru í bænum á þeim tíma. Skipulagsuppdrátturinn var staðfestur 1927.

Á uppgangstímum um miðja 20 öld voru lagðar fram nokkrar tillögur að endurskoðuðu aðalskipulagi, þær veigamestu 1945 og 1959. Þar var t.d. gert skipulag fyrir sementsverksmiðju, sem byggð var á 6. áratugunum. Hagræn sjónarmið mótuðu tillöguna 1959 m.a. með sjónarmiðum um þetta byggð, þ.e. að fjölbýlishús komi í stað lægri og gisnari byggðar til þess að nýta bæjarlandið betur. Skipulagsáætlanir fyrir ný hverfi voru unnar á vegum skipulagsstjóra ríkisins á þessum árum.

Með nýjum skipulagslögum 1964 urðu öll sveitarfélög skipulagsskyld. Lögð var fram tillaga að nýju aðalskipulagi 1966 og og í lítt breyttri mynd 1972. Á þessum árum komu bæði náttúruverndarmál og húsverndarsjónarmið inn í skipulagsmæðuna. Skipulag ríkisins vann áfram að deiliskipulags-áætlunum fyrir bæinn. Aðalskipulag Akraness 1980-2000 sem unnið var af Skipulagi ríkisins var staðfest 1982 og leysti af hólmi fyrsta skipulag bæjarins frá 1927.

Næsta endurskoðun aðalskipulagsins var unnin á vegum skipulagsnefndar Akraness af Magnúsi H.Ólafssyni arkitekt. Skipulagstímabilið var 1992-2012 og var skipulagið staðfest 1995. Í því komu fram þær meginlínur nýrrar byggðar, sem eru í gildandi aðalskipulagi. Næsta endurskoðun, Aðalskipulag Akraness 2005-2017 sem staðfest var 2006, byggðist í grundvallaratriðum á skipulaginu frá 1992 en þá komu inn ítarlegri ákvæði um umhverfismál og náttúruvernd auk þess sem sett voru sérákvæði um hvern skipulagsreit til þess að gera umfjöllun og breytingar markvissar.



Eitt svæði innan bæjarmarka er friðlýst skv. náttúruverndarlögum. Blautós og Innstavogsnes er friðland og gilda um það sérstakar umgengnisreglur. Engin önnur svæði innan skipulagssvæðisins eru á náttúruminjaskrá.

- **FS Blautós og Innstavogsnes eru friðlýst sem friðland skv. náttúruverndarlögum. Stærð svæðisins er 280 ha. Afmörkun friðlandsins á skipulagsupprætti er samkvæmt gögnum frá Umhverfisstofnun.**

Eftirfarandi reglur gilda um friðlandið (auglýsing Umhverfisstofnunar 3. mars 1999):

- 1 Mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breyting á landi er háð leyfi [Umhverfisstofnunar] og umhverfisnefndar Akraness.
- 2 Almenni er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
- 3 Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, það er að segja til beitar og æðardúntekju.
- 4 Bæjarstjórn Akraness er heimilt, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], að setja reglur varðandi nýtingu og umferð um hið friðlýsta svæði.
- 5 Umferð vélknúinna öku- og siglingatækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu og í samræmi við 3. og 4. gr.
- 6 Losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil.
- 7 Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu. Bæjarstjórn Akraness getur þó veitt heimild til þess að verja varplönd fyrir hrafni og máfum.
- 8 Bæjarstjórn Akraness skal, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Umhverfisnefnd [nú skipulags- og umhverfisstofnun] Akraness hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu í umboði [Umhverfisstofnunar] og bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar.<sup>1</sup>

Náttúrufræðistofnu Íslands (NÍ) hefur lagt fram tillögu til B-hluta náttúruminjaskrár um stækkun friðlýsta svæðisins í Blautósi og Innstavogsnesi með ströndinni til suðvesturs inn í Kalmansvík (svæði sem er innan núverandi hverfisverndar) og um friðlýsingu skerja og fjöruvistgerða á Suðurflös, Lambhúsasundi og Vesturflös. Tillögurnar hafa ekki verið afgreiddar.

### 1.3.2 ÖNNUR NÁTTÚRUVERND – JARÐMYNDANIR OG VISTKERFI

Ekkert svæði á Akranesi er á framkvæmdaáætlun um friðlýsingu og friðun (B-hluti náttúruminjaskrár, sjá tillögu NÍ, kafli 1.3.1) og ekkert svæði telst til annarra náttúruminja í náttúruminjaskrá (C-hluti).

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og skal forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar:

- a votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,
- b birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.


Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar:

- a eldvörp, eldhraun, gervigigar og hrauhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- b fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radíus frá fossbrún,
- c hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Innan skipulagssvæðisins ná ákvæði um sérstaka vernd fyrst og fremst til tjarna, mýra, flóa og sjávarfitja og leira. Sjávarfitjar og leirur eru innan hverfisverndarsvæða svo og votlendi í Innsta Vogu, við

<sup>1</sup> Skv. auglýsingu um friðlandi við Blautós og innstavogsnes í B-deild Stjórnartíðinda nr. 166/1999.

Miðvogslæk og í Grjótkelduflóa (í Kirkjutungu). Náttúrufræðistofnun Íslands gerði sérstaka úttekt á gróðurfari á skipulagssvæðinu og var niðurstaða þeirrar vinnu nýtt við afmörkun hverfisverndarsvæða vegna náttúrufars í í aðalskipulaginu 2005. Skipulagi og framkvæmdum á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skal haga í samræmi við ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stuðlað er að vernd þessara vistkerfa og jarðminja með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulaginu.



Mynd 5. Vistgerðir á Íslandi, vefsíða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## 1.4 VATNSVERND

### 1.4.1 SKILGREINING VATNASVÆÐA OG FLOKKUN VATNS

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns (796/1999) svo og vatnsverndarsvæði sem skulu flokkuð í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn (536/2001).

Lög nr. 36/2011 eiga við um stjórn vatnamála. Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skulu vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laganna og reglna á sviði vatnsverndar. Akraneskaupstaður tilheyrir vatnsholtum 104-269-G (Akranes) og 104-191-G (Akrafjall)

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A:	Ósnortið vatn
Flokkur B:	Lítið snortið vatn
Flokkur C:	Nokkuð snortið vatn
Flokkur D:	Verulega snortið vatn
Flokkur E:	Ófullnægjandi vatn



### 1.4.2 VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsból og vatnsverndarsvæði fyrir vatnsöflun Akurnesinga eru þrjú talsins. Brunnsvæði og grannsvæði vatnsbóla innan bæjarmarka eru í Slögu undir vesturhlíð Akrafjalls. Önnur vatnsból og meginhluti grann- og fjarsvæða vatnsbóla eru í Hvalfjarðarsveit.

Meginhluti neysluvatns kemur frá Slögu og Ósveitu, en við mikla þurrka er vatn tekið úr Berjadalsá í gegnum sandsiúpró áður en það er leitt inn á aðveitulögnina. Einnig er tekið vatn undir rótum Akrafjalls úr lindum Óslækjar og úr safnlögnum og brunnnum við Slögu. Vatnið er að mestu yfirborðsvatn og því lýst vegna mengunarhættu. Veitur ohf. eru að skoða fleiri kosti varðandi framtíðar vatnstöku utan marka sveitarfélagsins.

### 1.4.3 STRENDUR, ÁR OG VÖTN

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ákvæði skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða. Stór hluti af sjávarströnd Akraneskaupstaðar nýtur annað hvort friðlýsingar eða er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði á skipulagsupprætti m.a. vegna útivistargildis. Langisandur, eitt af helstu útivistarsvæðum bæjarins, er í nágrenni hafnarinnar. Ekki liggur fyrir greining Heilbrigðiseftirlits á stöðu mála en talið er að hluti strandarinnar gæti verið í flokki A, ósnortið. Jafnframt sýna mælingar að ástand sjávar í höfninni og á Langasandi er gott í þessu tilliti.

Þann 20. júní 2013 fékk Langisandur í fyrsta skipti umhverfissvottunina Bláfánann og var fánanum flaggað í áttunda sinn vorið 2020. Á Norðurlöndum flagga 202 baðstaðir bláfánanum árið 2020, þar af tveir á Íslandi, Langisandur og Bláa lónið í Grindavík. Bláfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Bláfánann hljóta þeir einir sem leggja sig fram um að bæta gæði og þjónustu stranda og smábátahafna og stuðla að verndun umhverfis. Bláfáninn er tákn um að umhverfismál, öryggismál og umhverfisfræðslumál eru í hávegum höfð hjá handhöfum fánans. Bláfáninn er veittur þeim baðströndum sem uppfylla ákveðin skilyrði sem lúta að eftirfarandi þáttum; umhverfisfræðsla og upplýsingagjöf, vatnsgæði, umhverfisstjórnun, öryggi og þjónusta. Langisandur stenst kröfur um gæði vatns/sjávar. Sjávargæði við Langasand eru vöktuð reglulega og vatnssýni tekin og rannsökuð.<sup>2</sup>

Undanfarin ár hefur fráveitukerfi bæjarins verið endurbætt og er mestöllu skolpi Akraness safnað í eina útrás um hreinsistöð við Ægisbraut með útrásaropi í um 800 m undan ströndinni. Unnið er að úrbótum í fráveitumálum svo að hreinsun á skolpi frá þeim svæðum, sem ekki eru tengd hreinsistöðina, t.a.m. frá Faxabraut og svæðum norðan þjóðveggar, verði tryggð.

## 1.5 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).


Náttúruvá sem helst þarf að skoða og fylgjast með á Akranesi eru sjávarflóð<sup>3</sup>. Ekki er talin hætta á að eldvirkni, jarðskjálftar, snjóflóð eða skriðuföll geti valdið umtalsverðum skaða á skipulagssvæðinu. Hætta hefur verið á sjávarflóðum við vissar aðstæður á þeim svæðum sem lægst standa á Skaganum. Huga þarf að áhrifum sjávarflóða og áhlaðanda í ofsavæðrum á fráveitukerfið.

### 1.5.1 SJÓVARNARGARÐAR

Öll byggð er nú varin með sjóvarnargörðum sem hafa verið gerðir sem næst með allri ströndinni. Enn er ólokið við sjóvarnir á Breiðinni. Sjóvarnargarður við Faxabraut hefur verið hækkaður vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Sementsreit. Unnið er að áframhaldandi uppbyggingu þeirra og viðhaldi samkvæmt áætlun Siglingastofnunar þannig að byggð stafi ekki hætta af flóðum auk þess sem þeir eru jafnframt vörn gegn landbroti. Einnig er gert ráð fyrir varnargörðum á nýjum landfyllingum á hafnarsvæði. Varnargarðarnir eru sýndir á skýringarmynd 5 eru þeir innan strandsvæða (ST) og hafnarsvæða (H).

<sup>2</sup> <https://www.blueflag.global/show-site?siteId=6572> og <https://www.akranes.is/thjonusta/umhverfi/blafaninn>

<sup>3</sup> Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011. Almannavarnarnefnd Akraness, Ríkislögreglustjórnin.



Mynd 6. Sjóvarnargarðar.

Eftirtaldar framkvæmdir eru á Akranesi í samgönguáætlun 2020-2024:

- Faxabraut, hækkun vegar og sjóvörn á árunum 2020 og 2021.

Sjóvarnir í Höfðavík, Leyni og Sólmunarhöfða árið 2022.

## 1.6 MENNINGARMINJAR

Um fornminjar, búsetulandslag, hús og önnur mannvirki auk muna og gripa m.m. gilda lög um menningarmínjar nr. 80/2012.

Fornleifastofnun Íslands vann svokallaða aðalskráningu fornleifa á árunum 1997 og 1999<sup>4</sup>. Þar voru skráðir 299 staðir, þar af 130 í landi Garða og þeirra jarða sem úr þeim byggðust, 167 í landi hins forna Heimaskaga og 2 staðir í Akrafjalli. Mannvirkjaleifar eru sjáanlegar á 34 stöðum.

Eftirtaldar fornleifaskrár hafa verið unnar á Akranesi:

- Akranes, fornleifaskrá. 1999<sup>5</sup>.
- Deiliskráning fornleifa á Sýruparti á Akranesi. 2016.
- Fornleifakönnun við Akraneshöfn. 2018.
- Fornleifaúttekt vegna lagning[ar] jarðstrengs milli Akraness og Brennimels. 2020.
- Garðaflói á Akranesi. Deiliskráning fornleifa í Skógahverfi. 2020.
- Fornleifar í Kalmansvík. Deiliskráning 2018.

Meirihluti fornleifa, þar sem byggðin er mest á skipulagssvæðinu, hefur orðið að víkja vegna þéttbýlismyndunar og atvinnuuppbyggingar á 20. öld en í útjaðri hennar er enn að finna minjastaði, þó í misgóðu ástandi. Mikilvægt er að taka mið af þekktum fornleifum við allar framkvæmdir, skógrækt og skipulag byggðar. Fornleifar geta gefið staðnum, svæðinu eða byggðinni auknið vægi og orðið

<sup>4</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. *Akranes, fornleifaskrá*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999.

<sup>5</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. *Akranes, fornleifaskrá*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999.

áhugavert viðfangsefni í ferðapjónustu og útivist. Auk aðalskráningar fornleifa skal vinna deiliskráningu fornleifa áður en ráðist er í breytingar á landnotkun t.d. með skógrækt og byggð.

Engar fornleifar hafa verið friðlýstar á Akranesi en í niðurstöðum fornleifaskráningar eru tillögur um verndun, kynningu og rannsóknir nokkurra minjastaða. Þetta eru minjastaðirnir Presthús, Kalmansvík, Hausthús/Skúti, Elínarhöfði, Bakkabær, Miðvogur og Innstivogur (bæjarleifar þessara bæja ásamt útihúsum og garðlögum), bæjarhóllinn í Görðum og gamla þjóðleiðin niður á Skaga.



Mynd 7. Helstu minjastaðir. Úrval.

### 1.6.1 HÚSAVERND

Á Akranesi er aðeins eitt friðlýst hús en það er Akranesirkirkja sem byggð var 1896, hönnuð og smíðuð af Guðmundi Jakobssyni forsmið. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þágildandi þjóðminjalaga nr. 88/1989. Kirkjan er kennileiti í bæjarmyndinni og mikilvæg í götumynd Skólabrautar. Hún er í mjög góðu ástandi og talin verðmæt vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Nokkur gömul hús hafa verið flutt og endurreist á byggðasafninu í Görðum:

- **Garðahúsið.** Hlaðið steinasteypuhús reist í Görðum 1876-1882. Safnið tók við húsinu 1959.
- **Geirastaðir, Skólabraut 24.** Timburhús reist 1903-1908. Flutt í safnið 1994.
- Þurrk- og fiskhjallur ásamt bátaskýli frá **Bræðraparti** á Akranesi. Timburhús reist á síðari hluta 19. aldar. Flutt í safnið 1961.
- **Neðri-Sýrupartur, Breiðargötu 8.** Timburhús reist 1875. Flutt í safnið 1990.
- **Sandar, Krókatún 4.** Timburhús reist 1901. Flutt í safnið 1996.
- **Fróðá, Vesturgata 11.** Timburhús reist 1935. Flutt í safnið 1988.
- **Háteigur 11,** Stúkuhúsið, flutt 2004.

### 1.6.2 HÚS SEM NJÓTA FRIÐUNAR SKV. ALMENNUM ÁKVÆÐUM

Samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð. „Friðun“ skv. lögum um menningarminjar felur í sér varúðar- og samráðsreglu en ekki friðlýsingu. Orðaval laganna getur valdið misskilningi.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 29. gr. laga um menningarminjar.

Friðuðum húsum og mannvirkjum fjölgar því eftir því sem tíminn líður. Samkvæmt húsakönnun eru nú 44 hús á Akranesi byggð fyrir 1920 og 143 hús byggð fyrir 1933. Hús og mannvirki sem friðuð eru samkvæmt almennu ákvæði laganna eru tilgreind í viðauka en verða ekki merkt að öðru leyti í aðalskipulagi.

Sérstök ákvæði gilda um hús byggð 1925 eða fyrr. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis (úr 30. gr. laga um menningarminjar).

Samkvæmt 29. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 njóta 49 byggingar á Akranesi aldursfriðunar (varúðarregla) árið 2021. Að óbreyttu verða þær 143 árið 2032 og mun fjölga hratt úr því að óbreyttum lögum.

### 1.6.3 HÚSAKÖNNUN


Unnin hefur verið húsakönnun fyrir alla byggð neðan Stillholts<sup>6</sup>. Þar er ítarleg húsaskrá ásamt tillögum um hverfisvernd einstakra húsa, samstæðna húsa, götumynda og heilda. Alls voru 16 hús á athugunarsvæðinu metin með hátt varðveislugildi (Akraneskirkja meðtalin). 112 hús voru metin með miðlungs varðveislugildi og 3 hús með lágt. Í skýrslunni er tillaga um hverfisvernd Sjá mynd 8.

Varðveislugildi húsa er metið í eftirtalda flokka (mynd 3):


- Friðuð hús (friðlýst hús skv. núgildandi lögum um minjavernd)
- Hátt varðveislugildi 1-3
- Miðlungs varðveislugildi 4-6
- Lágt varðveislugildi, 7-9

<sup>6</sup> Perla Faxaflóa. Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga. Guðmundur L. Hafsteinsson. Akraneskaupstaður 2009





Mynd 8. Varðveislumat. Úr Bæja-og húsakönnun á Akranesi 2009; Guðmundur L. Hafsteinsson.



Mynd 9. Tillaga að hverfisvernd. Úr Bæja-og húsakönnun á Akranesi 2009; Guðmundur L. Hafsteinsson.


## 2 ÍBÚAR OG ATVINNULÍF

### 2.1 ÍBÚAR

#### 2.1.1 MANNFJÖLDI

Í janúar 2021 bjuggu 7.697 íbúar á Akranesi. Íbúum hafði fjölgað jafnt og þétt frá því um 1998 og á árunum 2004–2008 fjölgaði bæjarbúum mun hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Eftir það hægði á og nokkur fækkun varð 2009–2010 og 2011–2012. Síðan þá hefur íbúum fjölgað verulega. Líklegt er að á síðustu árum hafi staða á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu haft áhrif á vöxt Akraness og hefur fjölgað á Skaganum um rúm 2% á ári frá 2015.


Á mynd 9 er íbúafjöldi bæjarins settur í samhengi við nokkra viðburði og áfanga í sögu bæjarins.




Mynd 10. Fólksfjöldi og atburðir í atvinnusögu Akraness 1889–2019

Mannfjöldaspá eða tilgáta aðalskipulagsins hefur fyrst og fremst það hlutverk að búa til grófa viðmiðun fyrir áætlanir um landþörf fyrir íbúðarbyggð og atvinnuhúsnaði. Spárnar skulu skoðaðar í því ljósi.

Á undanförunum tveim áratugum hefur íbúum Akraness fjölgað talsvert umfram landsmeðaltal sbr. mynd 11.



Mynd 11. Hlutfallsleg fjölgun á landinu öllu og á Akranesi frá 1998. Mannfjöldi 2001 = 100%



Mynd 12. Akranes: Mannfjöldaspá byggð á framreiknaðri þróun undanfarandi ára.

Ef litið er á einfalda framreikninga miðað við þróun undanfarinna ára má taka þrjú dæmi sbr. mynd 12. Í fyrsta lagi er miðað við 2,4% árlega fjölgun, sem er viðmiðun aðalskipulagsins, í öðru lagi um 1,7% árlega fjölgun sem er meðaltal síðustu 20 ára og loks er tekið mið af miðspá Hagstofu Íslands fyrir landið allt. Með þessu fæst viðmiðun um mannfjölda 2032 á bilinu 8.100-10.000 íbúar.

Í húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar 2022 er miðað við að íbúafjöldi á Akranesi verði á bilinu 8.500 – 11.000 árið 2031 (9.575 skv. miðspá).<sup>7</sup>

Almennt verður miðað við að bæjarbúar verði um 10.000 við lok skipulagstímabilsins og er tekið mið af því við mat á landþörf undir byggð.


Búferlaflutningar hafa mikil áhrif á mannfjöldatölur, bæði á landinu öllu og hverjum stað fyrir sig. Með bættem samgöngum hefur Akranes tengst höfuðborgarsvæðinu betur en áður og eru vísbendingar um að staða á húsnæðismarkaði þar hafi aukið aðflutning fólks á Skagann.

### 2.1.2 ALDURSSKIPTING


Ef miðað er við 10.000 íbúa í lok skipulagstímabilsins (fjölgun um 2.300 manns frá 2021) má áætla að ungabörnum (0-4 ára) fjölgi um 120 en börnum á grunn og framhaldsskólaaldri (5-19 ára) fjölgi um 430.

Gert er ráð fyrir að hlutfall barna og ungmenna verði svipað og nú í lok skipulagstímabilsins. Fólk á starfsaldri verður þá rúmur helmingur íbúa en er um 55% nú. Hlutfall roskins fólks og aldraðra hækkar umtalsvert (70+ fjölgar um tæplega 700 manns) þar sem stórir árgangar ná þeim aldri á næstu árum. Því er ástæða til þess að huga að málefnum og húsnæðismálum roskins fólks og aldraðra í tíma. Athyglisvert er að fjöldi á starfsaldri, 20-69 ára, verður áþekkur, þ.e. um 1.000 fleiri en nú er ef íbúafjöldi nær 10.000 manns árið 2032.


<sup>7</sup> Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. *Húsnæðisáætlun 2022, Akraneskaupstaður.*




Mynd 13. Núverandi hlutfall aldurshópa á Akranesi



Mynd 14. Tilgáta um hlutfall aldurshópa byggð á AR-spá



Mynd 15. Aldurspíramídi – Akranes 2019



Mynd 16. Aldurspíramídi – Akranes, tilgáta 2030

## 2.2 ÍBÚÐIR

Í lok janúar 2020 var 2.761 íbúð skráð á Akranesi<sup>8</sup>. Að meðaltali búa um 2,68 íbúar í hverri íbúð í bænum. Út frá breyttri aldursskiptingu og breytingum á fjölskyldustærð (lækkandi fæðingartíðni, hækkandi meðalaldri og að fleiri einstaklingar haldi heimili) mætti ætla að æ færri búi að meðaltali í hverri íbúð. Aðflutningur ungra fjölskyldna með börn hefur e.t.v. vegið á móti þessari annars fyrirséðu breytingu undanfarin ár auk þess sem ungt fólk býr lengur en áður í foreldrahúsum vegna fábreyttra kosta á húsnæðismarkaði. Þetta meðaltal (þ.e. íbúar/íbúð) mun líklega lækka á næstu áratugum en jafnvel hækka aftur þegar áhrif „stóru árganganna“ sem nú eru að komast á eftirlaunaaldur, dvína.

	1994	1999	2004	2009	2014	2019
Íbúafjöldi	5.156	5.342	5.588	6.609	6.699	7.411
Fjöldi íbúða	1.756	1.809	2.032	2.536	2.547	2.762
Íbúar/íbúð	2,94	2,95	2,75	2,61	2,63	2,68

Tafla 1 Meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð á Akranesi frá 1994-2018

<sup>8</sup> Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar 2020-2026.




<b>Íbúar 2032: 10.000</b>	<b>Íbúðir 2019: 2762</b>		
<b>Áætlaður meðalfjöldi í íbúð 2032</b>		<b>2,6</b>	<b>2,5</b>
<b>Áætluð þörf fyrir nýjar íbúðir 2032</b>		<b>850</b>	<b>1000</b>

Tafla 2 Tilgáta/viðmiðun um íbúðarþörf miðað við líklegan mannfjölda og meðalheimilisstærð 2032.

Út frá viðmiðun um að 10.000 íbúar verði á Akranesi 2032 og meðalíbúafjöldi í hverri íbúð verði á bilinu 2,50 – 2,6 má áætla að þörf verði fyrir um 850 nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu eða allt að 1.000 ef miðað er við 10.000 íbúa.

Hluti nýrrar byggðar verður á þróunarreitum innan núverandi byggðar (t.d. Sementsreit og Dalbrautarreit). Í Skógahverfi eru um 32 ha óbyggðir. Þar er miðað við að þéttleiki byggðar verði um 18-25 íb/ha og um 600-830 íbúðir til viðbótar við þá áfanga sem þegar eru í byggingu.


Ný byggingarsvæði í Skógahverfi ásamt þéttingarsvæðum innan núverandi byggðar, sem þegar hafa verið skilgreind eða eru í undirbúningi, rúma u.þ.b. 1.200 – 1.500 íbúðir. Auk þess gæti komið til greina íbúðarbyggð og þétting byggðar á þeim þróunarsvæðum, sem skilgreind eru í aðalskipulaginu. Miðað við meðalheimilisstærð 2,5 íb/íbúð má því reikna með að byggðin innan þjóðvegjar rúmi a.m.k. 11.000 íbúa. Til viðbótar gætu komið frekari endurnýjunar- og þéttingarverkefni innan núverandi byggðar.




Mynd 17. Hlutfall húsa- og íbúðagerða á Akranesi miðað við 2.694 íbúðir í mars 2019. Húsnæðisstefna Akraness.

Um 44% íbúða á Akranesi eru í sérbýli, þ.e. í einbýlishúsum, raðhúsum og parhúsum. 53% íbúða eru í fjölbýlis- og tvíbýlishúsum. Tæpur helmingur íbúða er á stærðarbilinu 101-150 m<sup>2</sup> og rúmur helmingur telst vera þriggja og fjögurra herbergja íbúðir.

Í húsnæðisstefnu Akraness er gerð grein fyrir stöðu húsnæðismála í bænum. Í fullgerðri húsnæðisstefnu verður að öllum líkindum almenn áætlun um húsnæðismál í sveitarfélaginu sem stuðlar m.a. að alþjóðlegum markmiðum Sameinuðu þjóðanna um húsnæði fyrir alla og markmið Landskipulagsstefnu um fjölbreytta húsnæðiskosti.




Mynd 18. Stærð íbúða á Akranesi í mars 2019



Mynd 19. Herbergjafjöldi íbúða á Akranesi í mars 2019  
Húsnæðisstefna Akraness.

## 2.2.1 LANDÞÖRF ÍBÚÐARSVÆÐA



Mynd 20. Helstu uppbyggingarsvæði íbúðarbyggðar. Hausthúsahverfi og Vogahverfi eru á aðalskipulagsupprætti afmörkuð sem opin svæði og er uppbygging þeirra áætluð eftir skipulagstímabil aðalskipulagsins.

Byggðin innan Þjóðvegjar þekur tæplega þriðjung af heildarflatarmáli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir framtíðar íbúðarbyggð norðan Kalmansvíkur og við Innsta-Vog. Norðan Þjóðvegjar eru einnig byggingarsvæði fyrir atvinnufyrirtæki og iðnað meðfram Akrafjallsvegi til norðurs.

Miðað er við að þörf verði fyrir 840-1.100 nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu. Landþörf fyrir nýja íbúðarbyggð verður mætt á þéttingarsvæðum innan núverandi byggðar, t.d. Sementsreit og

Dalbrautarreit, og í Skógahverfi. Á þessum svæðum má gera ráð fyrir um 1.200 - 1.500 nýjum íbúðum. Innan þjóðvegar eru því byggingarkostir til talsvert lengri tíma en aðalskipulagið miðast við.


## 2.3 ATVINNUMÁL

Aðgengileg gögn um atvinnumál á Akranesi eru annars vegar skrár Hagstofunnar um fjölda starfandi manna (karla og kvenna) eftir búsetu m.m. og hins vegar skýrsla Byggðastofnunar um atvinnutekjur eftir atvinnugreinum 2008-2018<sup>9</sup>. Í gögnum Byggðastofnunar eru sveitarfélögin Akranes og Hvalfjarðarsveit tekin saman enda eru atvinnumál sveitarfélaganna nátengd.

Atvinnuþátttaka á Akranesi var um 61% árið 2008 en 57,8% árið 2018 miðað við heildarmannfjölda. Á þessum árum hefur atvinnuþátttaka ungmenna minnkað nokkuð en hlutdeild roskins fólks og aldraðra í atvinnulífínu aukist. Út frá áætluðu hlutfalli aldurshópa (AR-spá) má áætla að fjölgun fólks á starfsaldri, 20-69 ára, verði óveruleg miðað við hófstilla AR-spá en allt að 1.000 manns ef íbúafjöldi nær 9.000 í lok skipulagstímabilsins. Miðað við 60% atvinnuþátttöku samvarar það um 600 nýjum störfum.

Skipting atvinnugreina er nokkuð ólík á atvinnusvæði Akraness og Hvalfjarðarsveitar en á landinu öllu. Hlutfall iðnaðarstarfsemi er umtalsvert hærra, tæp 40% á móti 15%, en þáttur verslunar, þjónustu og opinberrar þjónustu rúmlega 50% á móti 81% á landinu öllu. Tölur um fiskveiðar og vinnslu sjávarafurða taka ekki mið af neikvæðri þróun á Akranesi á árinu 2019 og hefur hlutdeild þeirra greina væntanlega lækkað frá þeim tölum sem hér er stuðst við.


Líklegt er að ný störf skiptist milli atvinnugreina að mestu leyti á svipaðan hátt og núverandi skipting starfa í sveitarfélaginu með auknu vægi starfa í hvers kyns þjónustu og viðskiptum. Í grófum dráttum má miða við að vöxtur þessara greina nemi sem næst öllum nýjum störfum sem reiknað þarf með. Einnig má búast við sem næst óbreyttum fjölda starfa í öðrum atvinnugreinum þrátt fyrir lakkandi hlutfallstölu þeirra.



Mynd 21. Skipting atvinnugreina á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit 2008


<sup>9</sup> Byggðastofnun. Atvinnutekjur 2008-2018 eftir atvinnugreinum og landshlutum. Þróunarsvið Byggðastofnunar nóvember 2019.

## Akranes og Hvalfjarðarsveit 2018



Mynd 22. Skipting atvinnugreina á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit 2018

## Landið 2018



Mynd 23. Skipting atvinnugreina á á landinu öllu 2018

### 2.3.1 LANDPÖRF ATVINNUSVÆÐA

Út frá áætlaðri íbúapróun má miða við að um 600-1.200 störf þurfi til þess að viðhalda atvinnustigi í bænum. Ef miðað er við að hvert starf krefjist að meðaltali 70-80 m<sup>2</sup> lands verður landþörf fyrir atvinnustarfsemi um 5-10 ha á skipulagstímabilinu.

Stór hluti af fyrirsjáanlegum vexti atvinnulífsins næstu ár og áratugi verður starfsemi, sem vel á heima innan um íbúðarbyggð, þ.e. starfsemi sem ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt með hávaða, lykt eða annarri mengun (t.d. hvers kyns þjónustustarfsemi, skrifstofur, skapandi greinar). Atvinnuhúsnæði fyrir þannig starfsemi getur t.d. verið á jarðhæð fjölbýlishúsa eða í sérhæfðum byggingum í og við íbúðarbyggð í stað þess að vera vísað á sérstök athafnasvæði utan íbúðarbyggðar. Með blandaðri byggð má draga úr bílaumferð og auka fjölbreytni bæjarumhverfisins.


Uppbygging á Grundartanga verður á bak við hluta nýrra starfa en nokkrum hluta landþarfar vegna nýrra starfa verður mætt í blandaðri íbúðarbyggð og á svæðum innan núverandi byggðar á lóðum sem þegar er búið að taka í notkun en eru ekki fullnýttar auk þess sem gera má ráð fyrir endurnýjun byggðar, bæði í miðbæ og á eldri athafnasvæðum m.a. með blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi.

Flóahverfi er um 37 ha athafna- og iðnaðarsvæði í Garðafloa. Í Kirkjutungu austan Berjadalsár er gert ráð fyrir nýju 76 ha athafnasvæði.



Flatarmál atvinnusvæða er langt umfram reiknaðar þarfir á út frá mannfjöldapælingum en skipulagið miðast við langtímasjónarmið þannig að talsvert svigrúm verði til þess að bregðast við nýjum áformum og breyttum forsendum í atvinnuuppbyggingu í bæjarfélaginu og er ekki allt fyrir séð í því efni.

Athafna- og iðnaðarsvæði í Flóahverfi og Kirkjutungu gefa kost á rekstri sem ekki á heima inni í þéttbýlinu vegna fyrirferðar eða áhrifa á nánasta umhverfi. Mögulegt verður að flokka saman skylda starfsemi m.a. til þess að tryggja ákveðnum atvinnuvegum kjöraðstæður. Uppbygging slíkra svæða getur tekið mun lengri tíma en tímaviðmiðun aðalskipulagsins segir til um. Unnið er að þróun s.k. grænna iðngarða í Flóahverfi og verður gerð um það sérstök áætlun og skilmálar.



Mynd 24. Atvinnusvæði samkvæmt tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness.

## 3 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

### 3.1 UMFERÐ OG GATNAKERFI

#### 3.1.1 GATNAKERFI

Að Akranesi liggja stofnvegirnir Akrafjallsvegur Akranesvegur frá Hringvegi austan og norðan Akrafjalls. Vegir í umsjá Vegagerðarinnar eru:

- Akrafjallsvegur (51) er stofnvegur frá sveitarfélagsmörkum í austri að sveitarfélagsmörkum í norðri.
- Akranesvegur (509) er stofnvegur frá Akrafjallsvegi um Þjóðbraut og Faxabraut að hafnarsvæði.

Einhamarsvegur (5042, 0,04 km) er stuttur héraðsvegur innan innan bæjarmarka í umsjá Vegagerðarinnar. Gatnakerfi innanbæjar eru að öðru leyti í umsjá Akraneskaupstaðar.

Aðalgötur eru annars vegar Þjóðbraut/Faxabraut, sem eru stofnvegir, og hins vegar tengibrautirnar Kalmansbraut, Kirkjubraut, Akursbraut, Hafnarbraut, Stillholt (austan Kirkjubrautar), Esjubraut (austan Kalmansbrautar) og Innesvegur. Þetta eru aðalumferðarleiðir milli hverfa og megináfanga- staða innanbæjar en Kirkjubraut hefur sérstöðu þar sem hún er að hluta dæmigerð aðalgata í miðbæ með hægri umferð og fjölbreyttri byggð sem annars er yfirleitt ekki við nýrri tengibrautir. Gatnakerfi í eldri hluta bæjarins er blandað þar sem flestar götur, þar á meðal aðalgötur, eru einnig húsagötur.



Mynd 25. Vegakerfi Vegagerðarinnar.

Safnbrautir á Akranesi eru Stillholt (vestan Kirkjubrautar), Garðagrund, Garðabraut, Bresflöt, Þormóðsflöt, Ketilsflöt, Asparskógar, Lækjarskógar og Leynisbraut. Á tímabilinu frá því um 1970 til aldamóta var gatnakerfið flokkað eftir ströngum reglum eftir eðli umferðar og eru safngötur frá þeim

tíma án allra tenginga við lóðir. Asparskógar og Lækjarskógar í Skógahverfi eru og verða hins vegar einnig húsaðgötur þar sem umferðaröryggi er þar náð með markvissri hraðastýringu í stað flokkunar.

### 3.1.2 UMFERÐ OG UMFERÐARSLYS

Samkvæmt umferðartalningu Vegagerðarinnar var meðaldagsumferð á Þjóðbraut við aðkomuna að bænum rúmlega 4000 bílar árið 2020.<sup>10</sup>



Mynd 26. Meðalumferð hvern dag yfir árið 2020 – ÁDU.

Ef litið er yfir skráningu umferðarslysa á 11 ára tímabili frá 2009 - 2019<sup>11</sup> sést að dreifing þeirra er í samhengi við umferðarþunga. Óhöpp án meiðsla verða annars vegar helst við gatnamót og hringtorg og hins vegar á bílastæðum þar sem ekið er á kyrrstæða bíla. Alvarleg slys og slys með litlum meiðslum dreifast nokkuð jafnt. Í mörgum þeirra var ekið á hjólreiðamann. Ekki virðast vera sérstakir „svartir blettir“ í gatnakerfinu en slysa- og óhappatíðni er nokkur við hringtorg Esjubrautar og Kalmansbrautar. Ef litið er á öll slys og óhöpp er fjöldinn mestur meðfram Kirkjubraut og Stillholti auk óhappa inni á bílastæðum. Umferðarslys verða síst í nýrri hluta bæjarins, þ.e. í íbúðarhverfunum austan Þjóðbrautar og Innnesvegur. Þar eru gatnamót aðalgatna s.k. T-gatnamót sem eru öruggari fyrir alla umferð en fjögurra arma (+) gatnamót.


<sup>10</sup> Vegagerðin, sótt í nóvember 2021: <https://umferd.vegagerdin.is/> og [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir\\_teljarar\\_2018/\\$file/r\\_cross\\_umferd\\_fastir\\_teljarar\\_2018.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir_teljarar_2018/$file/r_cross_umferd_fastir_teljarar_2018.pdf),

<sup>11</sup> <http://map.is/samgongustofa/> sótt í janúar 2020.






Mynd 27. Slysakort jan. 2009 – des. 2019. SlysWith litlum áverkum – grænt, alvarleg slys – gult, banaslys - rautt



Mynd 28. Slysakort jan. 2009 – des. 2019. Óhöpp án meiðsla – blátt



Mynd 29. Slysakort jan. 2009 – des. 2019. Ekið á óvarinn vegfaranda  
Óhöpp án meiðsla – blátt, slys með litlum áverkum – grænt, alvarleg slys – gult

### 3.1.3 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Gjaldfríar almenningssamgöngur eru reknar á Akranesi eftir einni hringleið um bæinn. Akranes tengist almenningssamgönguneti Strætó BS með áætlunarleiðum til Reykjavíkur og um Borgarfjörð norður til Akureyrar.

Ferðavenjur Akurnesinga voru kannaðar 2012<sup>12</sup>. 5% svarenda notuðu strætó milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins reglulega en 9% notuðu strætó og einkabíl til skiptis. Hærra hlutfall Akurnesinga notuðu almenningssamgöngur til höfuðborgarsvæðisins en aðrir íbúar Vesturlands.

<sup>12</sup> Hrafnhildur Tryggvadóttir. *Umhverfislegur ávinningur af almenningssamgöngum á Vesturlandi.* - Umhverfisráðgjöf Íslands, Environice. Borgarnes 2012.





Mynd 30. Leiðakerfi Akranesstrætó. (Vefsíða akranes.is mars 2021).

## 3.2 HAFNARSVÆÐI

1. janúar 2005 voru Reykjavíkurbíur, Akraneshöfn, Grundartangahöfn og Borgarneshöfn sameinaðar í Faxaflóahafnir sf. Sameinað fyrirtæki stefnir að því að byggja upp og reka öflugar hafnir á starfsvæði sínu þar sem Akraneshöfn mun verða eflað sem fiskihöfn.


## 3.3 VEITUR

Veitur ohf. á og rekur veitukerfin á Akranesi. Orka náttúrunnar ohf. sér um rekstur og viðhald á götulýsingu.

Þróun byggðar, landnotkun og landnýting á einstökum svæðum ræður mestu um skipulagningu og uppbyggingu veitukerfa bæjarins. Meginverkefni veitustofnana tengjast nýrri íbúðarbyggð og atvinnusvæðum, auk endurnýjunar eldri lagna og endurbóta á núverandi kerfi.

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldri skipulagi verður þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn- og dreifikerfi, þannig að þau ann eftirspurn eftir þjónustu. Aðkoma Veitna við gerð skipulagsins verður tryggð í upphafi skipulagsferilsins og allt til loka þess. Við vinnslu deiliskipulags verður hugað að lagnaleiðum veitna, þeim lögnum sem fyrir eru, aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir veitumannvirki.

Með tilkomu umfangsmikillar skráningar veitulagna í opnum vefsíám viðkomandi veitustofnana og – fyrirtækja er ekki lengur þörf á birtingu veitulagna annarra en stofnlagna á aðalskipulagsuppháttum eða skýringaruppháttum aðalskipulags. Þar sem vikið verður frá meginreglu um að veitulagnir fylgi gatna- og stígakerfi munu framkvæmdaleyfi veitt samkvæmt ákvæðum um deiliskipulag.



Mynd 31. Veitukerfi.

### 3.3.1 HITAVEITA

Veitur ohf. sjá Akranesi fyrir heitu vatni og annast dreifingu þar. Vatninu er veitt úr Deildatunguhver í Reykholtssdal og borholum í Bæ og Laugarholti í Bæjarsveit. Aðveitulögn hitaveitu frá Deildartungu liggur meðfram þjóðvegi að dælustöð og vatnstönkum á iðnaðarsvæði 307-I norðan bæjarins. Þaðan liggur lögn að bænum meðfram þjóðvegi og Kalmansbraut.

### 3.3.2 FRÁVEITA

Unnið hefur verið samkvæmt áætlun um uppbyggingu aðalfráveitukerfis, byggingu dælustöðva og hreinsun fráveituvatns. Fráveita frá mest allri byggð neðan þjóðvegjar hefur verið sameinuð í einni 1.500 m langri útrás til norðvesturs frá hreinsistöð við Ægisbraut með útrásaropi um 800 m frá landi. Lega útrásar er sýnd á aðalskipulagsuppdraetti. Veitur vinna að úrbótum á svæðum innan þéttbýlis sem ekki eru tengd kerfinu og þar sem útrásir eru út í sjó.

Unnið er eftir fyrirbyggjandi áætlun um endurbætur á fráveitumálum ofan þjóðvegjar, m.a. í Flóahverfi. Áætlunin er ekki tímasett. Fráveitukerfið er háð þyngdaraflinu sem kallar á dælustöðvar til þess að veita skólpi frá byggð á flatlendinu í norðurhluta bæjarins.

Meta þarf áhrif sjávarflóða (t.d. við háa sjávarstöðu í ofsaveðrum með áhlaðanda) á fráveitukerfið og hvort ástæða sé til aðgerða til þess að mæta slíkum aðstæðum. Á nýjum byggingarsvæðum er stefnt að hagnýtingu blágrænna ofanvatnslausna ásamt hefðbundnu fráveitukerfi m.a. til þess að fráveitukerfið, sem þá að hluta verður ofanjarðar, geti betur tekið við steypiregni eða asahláku.

Við gerð fráveituáætlunar var dreifing mengunar (saurkóligerla) metin og miðað við að eftir að hreinsivirkið og útrásin væru komin í notkun yrði fjöldi saurgerla við ströndina undir 100/100 ml. Áætlunin um hreinsun fráveituvatns, losun skólps og meðhöndlun seyru var unnin í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólpi nr. 798/1999.

### 3.3.3 VATNSVEITA

Veitur ohf. sjá um öflun og dreifingu neysluvatns á Akranesi. Gerð er grein fyrir vatnsöflun, vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum í kafla 1.4 í forsenduhefti og 3.18 í greinargerð.

Vatnsveitan er almennt vel í stakk búin til þess að mæta aukinni notkun á köldu vatni bæði til heimilisnota og í atvinnulífi á komandi árum. Vatnsöflun er hins vegar háð tíðarfari og miklum árstíðabundnum sveiflum. Ef saman fellur hámarksvatnsnotkun íbúa og atvinnulífs og langvinn þurrkatíð getur komið upp sú staða að vatnsbólin anni ekki eftirspurn.

Spár um framtíðarpörf fyrir neysluvatn á Akranesi gefa til kynna að núverandi vatnsból anni að mestu aukinni vatnsnotkun vegna líklegar íbúafjölgunar á komandi árum en kerfið er viðkvæmt gagnvart nýjum stórnotendum.

Til skoðunar eru vatnsöflunarkostir til viðbótar við þá sem eru til staðar. Stefnt er að því að aukinn neysluvatnsforði sem tryggir ávallt nægjanlegt vatn fyrir íbúa og atvinnulíf verði fenginn á næstu fimm til tíu árum.

### 3.3.4 RAFVEITA

Veitur ohf. annast dreifingu raforku á Akranesi frá Aðveitustöð A20 við Smiðjuvelli 4 (svæði 145-I). Landsnet hf sér um flutning raforku að aðveitustöðinni frá Brennimeil og Vatnshömrum. Næg orka er fyrir hendi í kerfinu sem bæði nægir vexti bæjarins næstu áratugi og nýjum stórnotendum.

Uppbygging dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir um staðarval nýrrar íbúðabyggðar, iðnaðar- og þjónustusvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig veruleg áhrif.

Þétting byggðar getur leitt til þess að flutningsgeta rafdreifikerfisins muni víða verða fullnýtt sem kallar á styrkingu og endurnýjun núverandi rafdreifikerfi (strengi og spennistöðvar) í grónum hverfum.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir auknu álagi á rafdreifikerfi vegna fjölgunar á umhverfisvænum farartækjum. Núverandi uppbygging rafdreifikerfisins gerir ekki ráð fyrir álagi vegna hleðslu rafbíla en gert er ráð fyrir jafnri fjölgun þeirra á skipulagstímabilinu, sem kallar á styrkingu rafdreifikerfisins. Gert verður ráð fyrir álagi vegna hleðslu rafbíla við hönnun nýframkvæmda og endurnýjun búnaðar.

### 3.3.5 SORPFÖRGUN

Unnið er í samræmi við sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020 sem Sorpurðun Vesturlands er aðili að. Sorpmóttökustöðin Gáma sem er í eigu Akraneskaupstaðar sér um móttöku, flokkun og förgun sorps. Óvirkur úrgangur verður mulinn niður og þannig endurunninn og nýttur m.a. í landmótun. Brotamálmar og spilliefni eru sendir til endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Sorpmóttökustöð er á nyrðri hluta iðnaðarsvæðisins í Höfðaseli. Sorpurðun Vesturlands urðar heimilissorp í landi Fíflholta í Borgarbyggð.

## 4 VIÐAUKI


---

### 4.1 STAÐFESTAR BREYTINGAR Á GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 frá staðfestingu þess. Þær eru:

Breyting	Samþykkt	Staðfest
Fráveitumannvirki við Ægisbraut og Stillholt (I 8)	27.11.2007	19.12.2007
Verslunar- og þjónustusvæði við golfvöll (V 11)	8.1.2008	15.2.2008
Íbúðarsvæði við Vallholt (Íb 22)	10.11.2010	31.8.2010
Stækkun hafnarsvæðis H3	14.6.2012	27.6.2012
Verslunar- og þjónustusvæði við Akursbraut (V 12)	16.11.2013	11.12.2013
Kirkjuhvoll og Vesturgata 102 (V 13 og V 14)	13.5.2014	22.5.2014
Iðnaðarsvæði fyrir hitaveitutank við Þjóðbraut (I 7)	13.5.2014	22.5.2014
Garðyrkjustöð og íbúðarsvæði við Þjóðbraut (Íb 18 og O 15)	25.6.2015	26.8.2015
Vallholt	11.4.2017	4.5.2017
Sementsreitir (M 5, M 6, Íb 14)	12.9.2017	10.11.2017
Dalbrautarreitir, stækkun miðsvæðis (M 4)	10.10.2017	10.11.2017
Akraneshöfn (H1)	26.2.2019	30.4.2019
Grenjar, hafnarsvæði (H3)	9.4.2019	17.5.2019
Miðsvæði (M2), Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt	28.5.2019	19.6.2019
Smiðjuvellir	14.5.2019	9.7.2019
Flóahverfi (A11), athafnasvæði	14.5.2019	12.7.2019
Skógahverfi - skólalóð	24.9.2019	13.11.2019
Tjaldsvæði og útivistarsvæði í Kalmansvík	12.5.2020	28.5.2020
Afmörkun Skógahverfis	10.11.2020	3.12.2020
Afmörkun iðnaðarsvæðis í Flóahverfi	9.11.2021	10.12.2022

## 4.2 HÚSAVERND – HÚS SEM NJÓTA ALMENNRRAR ALDURSFRIÐUNAR



Mynd 32. Byggingartímabil fram til 1924. Úr Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2009; Guðmundur L. Hafsteinsson.

Eftirtalin hús falla undir eða munu falla undir aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr 80/2012 á skipulagstímabilinu.

### Hús byggð fyrir 1900:

- |                     |                    |           |              |
|---------------------|--------------------|-----------|--------------|
| • Garðaholt 3       | Neðri-Sýrupartur   | 1872      |              |
| • Garðaholt 3       | Garðar             | 1878      |              |
| • Presthúsabraut 28 | Litli Teigur       | 1882/1910 | (flutt 1955) |
| • Garðaholt 3       | bátaskýli, hjallur | 1890      |              |
| • Heiðargerði 21    | Melbær             | 1890      |              |
| • Vesturgata 40     | Læknishúsið        | 1896      |              |
| • Presthúsabraut 36 |                    | 1896      |              |
| • Skólabraut 15-17  |                    | 1896      |              |



### Hús byggð 1900-1909:

• Presthúsabraut 27	Smíðjuvellir	Fljótlega eftir 1901	(flutt 1955 eða 1956)
• Sólmundarhöfði 2		1901	
• Vesturgata 111B	Grund ATH?	1902	
• Sunnubraut 26	Melaleiti	1902	
• Garðaholt 3	Geirastaðir	1903	
• Presthúsabraut 29		1903	
• Presthúsabraut 33		1905	
• Presthúsabraut 22		1906	
• Presthúsabraut 24		1906	
• Vesturgata 1		1906	
• Háteigur 10	Sóleyjartunga/Þinghóll	1907	
• Presthúsabraut 25		1907	
• Laugarbraut 19	Brunnstaðir	1908	
• Vesturgata 71B	Grímsstaðir	1908	
• Merkiagerði 16	Hjarðarnes	1908	
• Vesturgata 66	Höfn	1908	
• Vesturgata 101	Kothús	1908	
• Vesturgata 95	Svalbarði	1908	
• Presthúsabraut 26		1908	
• Vesturgata 74	Bjarg/Efra-Bjarg	1909	
• Garðaholt 3	Sandar	1909	
• Skólabraut 35	Vegamót	1909	

### Hús byggð 1910-1919:

• Laugarbraut 7	Bjarg	1910	
• Kirkjubraut 22	Efstibær	1910	
• Skólabraut 20	Lykkja	1910	
• Vesturgata 78B	Setberg	1910	
• Skólabraut 33	Sunnuhvoll	1910	
• Akurgerði 13	Vesturvellir	1910	
• Presthúsabraut 21		1910	
• Presthúsabraut 23		1910	
• Vesturgata 111B		1910	
• Skólabraut 9	Gamli iðnskólinn	1912	
• Vesturgata 47		1912	
• Akurgerði 15A	Austurvellir	1915	
• Akurgerði 15B	Austurvellir	1915	
• Breiðargata 8	Vaskhúsið	1916	
• Kirkjubraut 59	Landakot	1918	

### Hús byggð 1920-1929:

• Melteigur 9	Aðalból	1920	
• Háteigur 6	Borg	1920	
• Suðurgata 114	Leirdalur	1920	
• Vesturgata 78		1920	
• Vesturgata 57		1921	
• Melteigur 10	Hraungerði	1922	
• Melteigur 8	Hraungerði	1922	
• Suðurgata 87	Hvammur	1922	
• Suðurgata 42	Lundur	1922	
• Melteigur 6	Sigurvellir	1922	
• Vesturgata 84	Steinar	1922	

• Skólabraut 27	Sunnudalur	1922
• Bakkatún 22		1922
• Bakkatún 10	Böðvarshús	1923
• Skagabraut 10	Esjuberg	1923
• Vesturgata 73	Lindarbrekka	1923
• Kirkjubraut 30	Nes	1923
• Kirkjubraut 17	Ásgarður	1924
• Akurgerði 9	Hábær	1924
• Bárugata 18	Hof	1924
• Merkigerði 7	Kirkjuhvoll	1924
• Vesturgata 69	Nýhöfn	1924
• Akursbraut 17	Sólbakki	1924
• Kirkjubraut 1	Staðarfell	1924
• Kirkjubraut 46	Tryggvaskáli	1924
• Skólabraut 18	Þórsmörk	1924
• Kirkjubraut 48	Arnardalur	1925
• Vesturgata 59	Arnarstaður	1925
• Bárugata 20A	Tunga	1925
• Mánabraut 4		1925
• Kirkjubraut 6A	Akbraut	1926
• Vesturgata 103	Litli-Bakki	1926
• Kirkjubraut 13		1926
• Vesturgata 46	Auðnar	1927
• Vesturgata 24	Albertshús	1928
• Kirkjubraut 52	Bjarnastaðir/Steinabær	1928
• Heiðargerði 12	Bræðraborg	1928
• Skagabraut 19	Efra Nes	1928
• Merkigerði 4	Hólavellir	1928
• Vesturgata 85	Marbakki	1928
• Háteigur 2	Minniborg	1928
• Heiðargerði 14	Nýborg	1928
• Vesturgata 77	Sandvík	1928
• Vesturgata 76	Þórshamar	1928
• Bárugata 24		1928
• Hafnarbraut 3B		1928
• Suðurgata 80	Árnes	1929
• Skagabraut 8	Björk	1929
• Bakkatún 18	Deildartunga	1929
• Suðurgata 52	Hlíð	1929
• Vesturgata 10	Níelsarhús	1929
• Suðurgata 88	Norðtunga	1929
• Vesturgata 37	Reynistaður	1929
• Kirkjubraut 53	Sigurðsstaðir	1929
• Suðurgata 29	Skjaldbreið	1929
• Suðurgata 28	Staður	1929
• Suðurgata 39	Uppsálar	1929
• Bárugata 8-10		1929
• Breiðargata 1A		1929
• Heiðargerði 13		1929
• Skagabraut 29		1929
• Suðurgata 29A		1929
• Vesturgata 26		1929

### Hús byggð 1930-1932:

• Skólabraut 23	Ármót	1930
• Skólabraut 37	Ársól	1930
• Bakkatún 20	Bakki	1930
• Skólabraut 2-4	Bræðraborg	1930
• Merkigerði 12	Grafarholt	1930
• Merkurteigur 4	Haukabergr	1930
• Vesturgata 63	Nýberg	1930
• Akurgerði 1	Reykir	1930
• Skagabraut 21	Sigtún	1930
• Garðaholt 3	Stúkuhúsið	1930
• Akurgerði 4		1930
• Bárugata 17		1930
• Háholt 22		1930
• Skólabraut 10		1930
• Vesturgata 3-9		1930
• Suðurgata 37	Efri-Nýlenda	1931
• Háteigur 12	Háteigur	1931
• Suðurgata 27	Klettur	1931
• Háteigur 16	Miðteigur	1931
• Kirkjubraut 15	Sandfell	1931
• Skagabraut 40	Varmidalur	1931
• Breiðargata 2B		1931
• Kirkjubraut 21		1931
• Melteigur 4		1931
• Suðurgata 19		1931
• Suðurgata 21		1931
• Suðurgata 25		1931
• Vesturgata 45		1931
• Vesturgata 92	Gimli	1932
• Skagabraut 17	Sólvellir	1932
• Deildartún 4		1932
• Mánabraut 5		1932
• Merkurteigur 10		1932
• Vesturgata 19		1932